

Reykjavík, 31. maí 2022

Hægjum ekki á lestinni þegar hún er að ná fullum hraða

Efni: Umsögn um mál 569 – frumvarp til laga um um breytingu á lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, nr. 152/2009 (framlenging bráðabirgðaákvæða).

Nú liggur fyrir frumvarp á Alþingi þar sem eftirfarandi breytingar eru lagðar til á endurgreiðslukerfi rannsókna og þróunar á Íslandi:

- Að lítil og meðalstór fyrirtæki verði með 30% endurgreiðsluhlutfall (var 35% í fyrra)
- Að stór fyrirtæki verði áfram með 25% endurgreiðsluhlutfall
- Að þak á endurgreiðslum verði 1000 milljónir (var 1100 milljónir í fyrra)
- Að lögin taki gildi þegar í stað og muni því gilda fyrir þetta ár
- Að lögin gildi í tvö ár (2022 og 2023)
- Einnig hefur verið tilkynnt að úttekt muni fara fram á framkvæmd og skilvirkni endurgreiðslukerfisins sem OECD mun sinna.

Undirrituð vilja áréttta að líklega er engin löggjöf sem skiptir meira máli fyrir vöxt, farsæld og samkeppnishæfni hugverkaiðnaðar á Íslandi. Undirritaðir fagna stóraukinni þekkingu og metnaði íslenskra stjórnvalda undanfarin ár við að efla samkeppnisumhverfi hugverkafyrirtækja á Íslandi. Það hefur m.a. birst í áherslum stjórnvalda að koma á laggirnar Kríu fjárfestingarsjóði, eflingu Tækniþróunarsjóðs, Lóu nýsköpunarsjóði fyrir landsbyggðina en síðast en ekki síst stórefldu skattaumhverfi fyrir rannsóknir og þróun sem hér um ræðir. Árið 2018 var þak fyrir endurgreiðslu tvöfaldað úr 300 milljónum kr. í 600 milljónir kr. og það, ásamt enn frekari hækkun á bæði hlutfalli og þaki árið 2020, gerðu það að verkum að í fyrsta sinn er Ísland komið með alþjóðlega samkeppnishæft umhverfi til nýsköpunar. Það er áriðandi að við missum ekki niður þessa samkeppnishæfni á viðkvæmum tímamarki eins og nú þegar hugverkaiðnaður hefur tækifæri til að verða mikilvægasta útflutningsstoð Íslands til framtíðar.

Verkefnið að byggja upp hugverkaiðnað snýst fyrst og fremst um það að tryggja ásættanlegar aðstæður til þess að fanga hugverk (e. Intellectual property) í heimaríkinu þannig að ábati í formi útflutningstekna, starfa og þekkingaröflunar byggi upp innlent hagkerfi og lífsgæði.

Dæmi um slík hugverk eru t.a.m. tölvuleikur CCP, EVE Online, sem hefur þénað yfir 100 milljarða í útflutningstekjur inn í íslenskt hagkerfi s.l. 19 ár ásamt því að hafa stutt við nokkur hundruð hátæknistörf hverju sinni.

Dæmi um slík hugverk hjá Össuri eru t.a.m. Iceross sílíkonhulsan sem kom út árið 1986. Iceross sílíkonhulsan er fyrsta vara Össurar og sú uppgötvun sem kom fyrirtækinu á kortið á alþjóðavísu. Þróun og framleiðsla vörunnar fer alfarið fram á Íslandi og hefur hún stutt við nokkur hundruð hátæknistörf hverju sinni. Iceross vörulínan hefur þénað í kringum 100 milljarða í gjaldeyrstekjur inn í íslenskt hagkerfi á síðustu 10 árum.

Marel hefur frá stofnun verið með áherslu á hugbúnað. Innan Marel eru hugbúnaðarsérfræðingar sem hafa byggt upp og hannað kerfilausnir og hugbúnað sem stýra stærstu matvælavinnslum í próteiniðnaði í heiminum. Starfræn þróun er að taka stökk og markmið fyrirtækisins um að auka tekjur sínar á næstu árum í hugbúnaðarlausnum eru mjög metnaðarfull. Tekjur fyrirtækisins árið 2021 voru um 1.250 EURm.

b/t efnahags og viðskiptanefndar Alþingis

Eftir að stjórnvöld tilkynntu í apríl 2020 að endurgreiðslukerfi rannsókna og þróunar á Íslandi yrði stóreflt þá tók við metnaðarfull innlend uppbygging á allri rannsókna- og þróunarstarfsemi okkar og fleiri fyrirtækja. Störfum og verkefnum á Íslandi fjölgaði sem annars var ekki rekstrargrundvöllur fyrir. Lagasetningunni fylgdu því nýjar skatttekjur fyrir íslenska ríkið ásamt öruggari efnahagsstoð og fleiri eftirsóttum alþjóðlegum störfum hér heima sem virka eins og þekkingarmargfaldarar fyrir Íslendinga.

Breytingar á endurgreiðslukerfinu gerði Össuri kleift að fara fyrir af stað með verkefni sem mætir þörfum eldri kynslóðarinnar og minna virkum einstaklingum, sem er sá notendahópur sem ekki hefur jafn greiðan aðgang að niðurgreiðslu og yngra fólk og einstaklingum með góða hreyfigetu. Markmiðið er að bæta hreyfanleika og sjálfstæði þessa notendahóps í takt við slagorð Össurar „Líf án takmarkana“, enda hafa prófanir sýnt að minna virkum einstaklingum gagnast ekki síður hátæknilausnir, en stefna Össurar að mæta þörfum allra sem gagnast tæknilausnir fyrirtækisins. Eitt af þeim verkefnum sem ráðist var í með þetta að leiðarljósi er þróun á Mobili Knee, móturdrifnu hnéi sem gerir þeim einstaklingum, sem eiga erfitt með að standa upp, kraft til að standa upp án aðstoðar auk þess sem hnéð veitir orku til aukinnar göngugetu og bætts göngulags. Vegna flækjustigs og umfangs verkefnisins gerði opinber stuðningur það að verkum að unnt var að ráðast fyrir af stað með verkefnið og er áætlað að varan komi út í lok árs 2022.

Það er því gríðarlega mikilvægt að ekki sé hægt á núna eða dregið í land með þá góðu sókn sem er hafin.

Stjórnarsáttmáli lagði grunn sem við vinnum eftir

Í stjórnarsáttmálanum frá 2021 kemur fram:

*Endurgreiðslur vegna rannsókna og þróunar verða framlengdar og farið yfir framkvæmd þeirra og eftirlit. **Tímabundin hækkun endurgreiðsluhlutfalls vegna kostnaðar sem fellur til við rannsóknir og þróun verður gerð varanleg.***

Á þessu loforði voru viðskiptaáætlanir og fjárfestingarplön mótuð sem reiknuðu með því að núverandi hlutföll og þök yrðu fest í sessi. Hvergi hafa komið fram teikn um að annað lægi fyrir. Við hvetjum því efnahags og viðskiptanefnd til þess að leggja til óbreytt endurgreiðsluhlutföll upp á 25% fyrir stór fyrirtæki og 35% fyrir lítil- og meðalstór fyrirtæki.

Þökin hafa áhrif á stærð hagkvæmra nýsköpunarverkefna á Íslandi

Fjöldmörg af kröftugustu og dýnamískustu nýsköpunarhagkerfum í heiminum í dag hafa farið þá leið að afnema þök vegna endurgreiðslu rannsóknar- og þróunarkostnaðar. Ríki eins og Kanada, Bretland, Frakkland, Holland og Írland hafa t.a.m. farið þessa leið. Að baki ákvörðunum þessara ríkja liggja fjölmargar rannsóknir. Vandamálið við að setja þak á endurgreiðslu vegna R&B kostnaðar er að það setur skorður á stærðarhagkvæmni og samkeppnishæfni stærri verkefna er skert.

Dæmi:

Fyrirtæki A er komið í hámarkspak á R&B endurgreiðslum en langar að hefja nýtt og spennandi 10 milljarða króna nýsköpunarverkefni á Íslandi sem skapar 100 ný störf. Þar sem fyrirtækið er komið í þak á endurgreiðslum vegna annarra R&B verkefna mun nýja verkefnið ekki vera gjaldgengt í neina endurgreiðslu á Íslandi. Sama verkefni gæti hinsvegar verið sett upp í Kanada, Bretlandi, Frakklandi, Hollandi eða Írlandi og hlotið endurgreiðslu þar fyrir 15-35% af kostnaði. Þetta þýðir að samkeppnishæfni Íslands á þessu nýja stóra verkefni er takmörkuð.

b/t efnahags og viðskiptanefndar Alþingis

Samantekt


Í ljósi framangreinds hvetjum við stjórnvöld eindregið til þess að afnema þök vegna endurgreiðslu rannsóknar- og þróunarkostaðar. Slíkt myndi aflæsa gríðarlegum kröftum og gera uppsetningu stórra R&D verkefna á Íslandi samkeppnishæf í alþjóðlegu tilliti. Við hvetjum einnig stjórnvöld til þess að hægja ekki á lestinni núna og lækka endurgreiðsluhlutfallið fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki úr 35% í 30%. Að lokum hvetjum við stjórnvöld eindregið til þess að gera hærri hlutföllin og afnám þaks varanleg í löggjöfinni til að tryggja fyrirsjáanleika og stöðugt samkeppnishæft umhverfi til nýsköpunar fyrir Hugverkaiðnaðinn á Íslandi.

Áfram nýsköpun.

F.h. Marel, Össur og CCP



Guðbjörg Heiða Guðmundsdóttir, framkvæmdarstjóri, Marel



Hilmar Veigar Pétursson, framkvæmdarstjóri, CCP



Sveinn Sölvason, fjármálastjóri, Össur

Viðauki: Sögulegt yfirlit og afleiðingar af fyrri R&P umbótum.

Af hverju skipta þessar aðgerðir máli?

Marel fagnar 40 ára stofnunarafmæli í ár og er stærsta fyrirtæki Íslands á ýmsa mælikvarða. Össur er rúmlega 50 ára, CCP rúmlega 20 ára. Öll eru þessi fyrirtæki gjörólík en við eigum það sameiginlegt að íslenskt hugvit byggði okkur upp og er okkar helsta auðlind. Það hefur ítrekað verið gagnrýnt að undanfarin áratug hafi ekki nógu mörg burðug hugvits fyrirtæki komist á laggirnar á Íslandi.

Hugverkafyrirtæki eru að mörgu leyti óvenjulegur geiri. Skalanleiki hugverkafyrirtækja er oftast en ekki margfaldur á við hefðbundnari atvinnugeira og á niðursveiflutímum eru fyrirstöður þeirra til að leggja í sókn gjarnan færri. Hugverkafyrirtæki geta verið þekkingarmargfaldarar inn í hagkerfið og hafa gjarnan mikinn sveigjanleika, enda reiða hugverkafyrirtæki sig iðulega ekki á staðbundnar auðlindir. Nýsköpun og hugvit einskorðast að sjálfsgöðu ekki bara við hugverkafyrirtæki eins og sést glögglega á því hvernig nýsköpun hefur skipt sköpun fyrir aukna hagkvæmni og arðsemi í sjávarútvegi og fleiri stoðir í íslensku atvinnulífi undanfarin ár. Þess vegna er alls ekki galið að velja það að hefja sókn með hugviti og nýsköpun á víðsjárverðum tímum.

Raunafleiðingar af fyrri aðgerðum stjórnvalda

Árið 2018 var ákveðið að tvöfalda þak vegna R&P endurgreiðslna fyrir árið 2019. Sú breyting þýddi að fyrirtækin okkar gátu sótt fram af meiri krafti á starfstöðvum okkar á Íslandi. Breytingin bar t.a.m. mikla vigt í þeirri þróun að CCP stækkaði þróunarteymi sitt á tölvuleiknum EVE Online á skrifstofu fyrirtækisins í Reykjavík úr u.þ.b. 80 starfsmönnum í næstum 130.

Nýsköpun er eitt af lykilgildum Marel og árlega er 6% af tekjum Marel varið í vöruþróun og efling á endurgreiðslukerfi R&P hefur gífurleg áhrif til eflingar í nýsköpun á Íslandi. Marel hefur nýtt sér endurgreiðslur fyrir fjölbreytt og umfangsmikil rannsókn- og þróunarverkefni síðastliðin 10 ár sem krefjast mikillar sérfræðiþekkingar á hinum ýmsu fagsviðum. Á þessum áratug hefur stöðugildum í vöruþróunareiningu Marel á Íslandi fjölgað um rúmlega 100% eða úr 87 í 180.

Gott dæmi um rannsókn- og þróunarverkefni er tækið Flexicut sem er tæknilega flókið, þar kemur saman ný tækni sem Marel hefur ekki verið að nýta áður (vatnsskurður) í bland við tækni sem við höfðum yfir að ráða en tekin hefur verið á næsta stig þar sem röntgen tækni er notuð ásamt hnífaskurði með tvöföldu blaði í færarlegri samloku. Vélin er að öllu leyti hönnuð, þróuð og smíðuð á Íslandi og síðastliðin ár hafa um 10 sérfræðingar unnið samfleytt að áframhaldandi þróun og viðhaldi Flexicut. Stuðningur við verkefni sem þessi er gríðarlega mikilvægur þar sem þau eru mjög kostnaðarsöm, sem dæmi nam heildarkostnaður við Flexicut u.þ.b. 1 milljarði íslenskra króna og af því fékkst skattaávilnun upp á tæpar 63 milljónir. Eftir stendur að vélin hefur átt stóran þátt í breyttum vinnsluaðferðum og aukinni nýtni og verðmætasköpun í íslenskum sjávarútvegi.

Fyrir Össur hafa auknar endurgreiðslur á þróunarkostnaði til skamms tíma haft þau áhrif að við höfum strax aukið við þróunarstarf hér á Íslandi. Síðustu ár hefur rekstrarkostnaður þróunardeildar, án endurgreiðslna, á Íslandi vaxið um 8% á milli ára. Árið 2019 jókst kostnaður okkar á Íslandi hins vegar um 14% frá árinu 2018, en sá aukni vöxtur var að tölurverðu leyti vegna hækkunar endurgreiðslunnar. Frá því 2018 hafa auknar endurgreiðslur hafa skilað sér í bæði auknum þróunarkostnaði stöðugildum hér á landi hefur fjölgað um tæplega 40% eða úr u.þ.b. 90 starfsmönnum í 125.

b/t efnahags og viðskiptanefndar Alþingis

Össur starfrækir þróunarstarf á fimm starfsstöðum víðsvegar um Evrópu og í Bandaríkjunum. Breytt kerfi er snýr að endurgreiðslum eykur talsvert samkeppnishæfni Íslands og hvetur því áfram til uppbyggingar hér á landi. Þróunarstarf fyrirtækisins hér á Íslandi hefur skilað flestum af þeim vörum sem hafa staðið undir vexti í starfsemi fyrirtækisins síðustu tvo áratugi.

Jákvæð söguleg þróun

Ef heildarsagan á Íslandi er skoðuð lengra aftur kemur enn skýrari mynd fram, endurgreiðslur vegna rannsóknar og þróunar eru fyrst settar fram í kjölfar bankahrunsins árið 2009 í fjármálatíð Steingríms J. Sigfússonar. Bjarni Benediktsson hækkaði síðan endurgreiðsluþökin tvívegis sem fjármálaráðherra, fyrst árið 2016 og síðan árið 2018 eins og fyrr segir. Þá var hlutfallið einnig hækkað úr 18% upp í 20%. Samfara þessum breytingum hefur fjárfesting í nýsköpun hækkað um milljarða eins og fram hefur komið í samantektum t.a.m. Northstack.

Aðgerðir ríkisstjórnarinnar eru fjárfesting í fólki, fjárfesting í hugviti og öflug virkjun á sköpunarkrafti Íslendinga sem hefur svo oft reynst vel á erfiðum tímum. Aðgerðirnar koma til með að gera íslenska hagkerfið samkeppnishæfari á alþjóða vettvangi en það sem skiptir þó líklega mestu máli er að hvatinn sem aðgerðirnar mynda mun leiða til nýrra verkefna á Íslandi, nýrra fyrirtækja, nýrra starfa og aukinnar fjárfestingar og vonandi meiri gjaldeyristekna. Um það erum við sannfærð um.